

# Örugg matvæli –allra hagur!

**S**tærsti áhættuþátturinn við neyslu kræklinga og annars skelfisks er þörungaeitur, en af þeim þúsundum tegunda svifþörunga sem þekktir eru í sjó geta nokkrar tegundir valdið eitrun í skelfiski sem er hættuleg neytendum. Eitraðir þörungar sem valda ASP-, PSP- og DSP-eitrun hafa fundist við Ísland. Einkenni ASP-eitrunar eru ógleði, niðurgangur og minnisleysi. PSP-eitrun veldur truflun á taugaboðum, doða í andliti og útlimum og getur valdið lömum og/eða öndunarerfiðleikum. Ógleði, uppköst, þrautir í kviðarholi og niðurgangur koma fram við DSP-eitrun. Ef grunur er um eitrun eftir neyslu á skelfiski ætti strax að leita læknis.

Nýlega kom á markað íslenskur kræklingur sem er ræktaður í Eyjafirði. Ræktunin fer fram á hafsvæði sem Matvælastofnun (MAST) hefur eftirlit með. Eftirlitið felst í könnun á heilnæmi kræklinga með tilliti til mengunarefna, örvera og þörunga-eiturs. Kræklingur tekur til sín fæðu, s.s. svifþörunga með sún úr sjónum og endurspeglar því vel aðstæður á ræktunarstað. Neysla kræklinga getur verið varasöm ef ekki er haft eftirlit með veiði- og ræktunarsvæðum og framleiðslu hans. Eingöngu er heimilt að markaðssetja skelfisk sem kemur frá veiðisvæði og vinnslustöð sem er undir eftirliti MAST. Við tínslu á villtum kræklingi þarf að



Morgunblaðið/Sverrir

hafa í huga að hann gæti verið eitraður. Síðan 2005 hefur MAST vakt að nokkur hafsvæði m.t.t. eitraðra svifþörunga í samvinnu við Hafannsóknastofnunina. Eitraðra svifþörunga hefur orðið vart frá því í júní og fram eftir hausti. Sýnt hefur verið fram á samband milli eitruþörunga í sjó og magns eiturs í skelfisknum og greindist DSP-eitur 4-5-falt yfir viðmiðunarmörkum í kræklingi úr Hvalfirði í júlí í fyrra. Á sama tíma greindist magn eitruþörunga sem valda ASP- og PSP-eitrun yfir leyfilegum mörkum í Eyjafirði. Almenn er meira hætta á eitruðum þörungum inni í þróngum fjörðum en við opin hafsvæði. Neytendur eru því hvattir til að kynna sér niðurstöður vöktunar hyggist þeir tína krækling yfir sumar- og haustmánuðina á [www.hafro.is/voktun](http://www.hafro.is/voktun), en þar er varað við neyslu kræklinga sé ástæða til.

Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðs-  
stjóri hjá Matvælastofnun